



„Einar Benidiktsson“ 1935 (Óskar Gíslason)

Að Kjarvaldsstöðum stendur yfir þessar myndir yfirgripsmikil ljósmyndasýning er hinn velkenni ljósmyndari og kvikmyndagerðarmaður Óskar Gíslason stendur fyrir. Er hér um að ræða 242 ljósmyndir er Óskar hefur safnað saman og eru þær flestar eftir hann sjálfan og Magnús Ólafsson, en einnig eftir Sigfús Eymundsson, Pétur Brynjólfsson og Ólaf Magnússon. Svo sem fyrrsögnin gefur til kynna þá eru þær allar frá Reykjavík, daglegu lífi þar, minnisstæðum atvikum og þekktum borgurum. Sýningin er sett upp í tilefni hálftrar aldar afmælis Ljósmyndarafélags Íslands.

Það liggur mikil vinna að baki þessarar umfangsmiklu sýningar, því að til viðbótar eigin myndum fékk Óskar lánaðar filmur frá Þjóðminjasafninu eftir félagi sína og voru þær sumar m.a. á gömlum máðum glerplötum frá því um aldamót og reyndust margar gallaðri en ætlað var. Reyndist því mjög mikið starf að fullvinna þær og standa við áætlaðan sýningartíma, en þeim tíma varð ekki haggð vegna sóknar í sýningarhúsnæði.


Að sjálfsögðu geldur sýningin hins knappa undirbúnings-tíma, en þó minnst hvað varðar vinnslu sjálfrar ljósmyndanna, en það atriði virðist einnig með ágætum. Hins vegar saknar skoðandinn mjög ártala í sýningarskrá á samt nauðsynlegum skýringum og er hér t.d. бага-

legt, að ekki skuli fylgja nafnlisti fundarmanna á stofnfundi Ljósmyndarafélags Íslands. Má hér fleira tína til í kringum sýninguna, sem betur hefði mátt fara, en margt má hér afsaka, enda er þetta fyrsta einkasýning er Óskar stendur að og hér skortir því reynslu. Hitt er hér einnig mun þyngra á metum sem vel hefur tekið og vísa ég þar um til margra velgerðra og bráðskemmtilegra mynda á sýningunni. Einnig er það, því miður, engin nýlunda að ártöl gleymist á yfirlitssýningum, sem er séríslenskt fyrirbæri, svo sem ég hefi oft vikið að en með litlum árangri þó, enn sem komið er. Þegar um málverk látins málara er að ræða getur einnig verið útilokað að ákveða ártal með fullri vissu, en hér hefðu fróðir menn getað gefið upplýsingar um flesta atburði er myndaðir voru.

Ég hef haft mikla skemmtun og fróðleik af að reika um vestursal Kjarvalsstaða og skoða þessa sýningu, fylgjast með þenslu borgarinnar úr ósjálegu smáþorpi fyrir og um aldamót í höfuðborg á gelguskeiði. Þarf vart glöggst auga til að sjá, að hér hefur ekki ævinlega verið skipulega haldið á málum né af útsjónarsemi, enda mun fáum í upphafi hafa komið til hugar að þetta smáþorp ætti eftir að vaxa svo ört sem raun varð á. Jafnvel sá, er hér ritar og var unglungur á stríðsárunum, varð forviða er hann leit myndir frá

Reykjavík liðinna daga

Myndlist

 eftir BRAGA
ÁSGEIRSSON


„Við Bergstaðastræti“ (Óskar Gíslason, 135).

þeim árum — því að þótt þeir tímar séu honum í fersku minni er þetta svið í dag með nokkrum forneskju- og frumbýlisbrag, — slíkar hafa breytingarnar orðið. Er sennilegt, að flesta erfiðleika þjóðfélagsins í dag megi rekja til hinna hröðu breytinga, sem engin dæmi eru til um áður í okkar sögu, og hugtakið framfarir er æði afstætt þegar öllu er á botninn hvolft. Það er t.d. hægt að taka fullkonnari myndir með nútíma myndavélum þótt þekkingin á faginu sé að öðru leyti í lágmarki. Myndavélarnar eru m.ö.o. orðnar fullkonnari, en enginn skyldi segja mér að augað og mannsheilinn hafi þroskatz að sama skapi né að maðurinn se fullkonnari á því herrans ári 1976 en t.d. við upphaf aldarinnar. — Myndir Sigfúsar Eymundsen eru t.d. margar hverjar mjög vel gerðar með ríki kennd fyrir viðfangsefnum, þótt með frumstæðri tækni sé, — hér réð haldgöð þekking og næm kennd fyrir viðfangsefninu þeim góða árangri sem fram kemur.


Athyglisverðasti þáttur sýningarinnar þykja mér vera myndraðir og samanburðar-

myndir t.d. Skólavörðustígurinn, þar sem sextíu ár ber á milli. Hefði ég óskað eftir fleiru í þessum dúr, svo og úr ýmsum þáttum leiklistarsögunnar, en það er t.d. mjög áhugavert að líta ljósmyndir af Stefaniu Guðmundsdóttur og Arna Eiríksyni. Fleiri slíkar myndraðir hefðu gert sýninguna mun skipulegri í heild, en upphenging hennar er nokkuð sundurlaus, eldri og nýrri myndum er blandað saman án nokkurs sjáanlegs heildarsamhengis.

Ljósmyndun er ekki einungis iðn heldur viðurkennd listgrein þegar vel er á haldið sbr. frétt í Mbl. sl. miðvikudag frá uppboði á ljósmyndum þar sem ein

andi og minnisstæðar t.d. „Sól- arlag við höfnina“ (71) og „Sól- arlag við Tjörnina“ (88, Magnús Ólafsson), „Hús við Bergstaðastræti“ (135) og „Hljóm- skálagarðurinn“ (139 Óskar Gíslason) og mynd Magnúsar Ólafssonar af Tryggva Gunnarssyni í Alþingishúsgarðinum (81) er óborganleg, mættu nútíma alþingismenn draga af athöfn hans nokkurn lærdóm!!

Að sjálfsögðu er slík upptalning sem þessi vafasöm vegna þess að allir þessir ljósmyndarar eiga ágætir myndir, en ákaflega mismargar, og erfitt er að gera upp á milli þeirra á þessari sýningu, enda mun ekki til þess ætlað. Hér er um fjöl-



„Tryggvi Gunnarsson“ (81, Magnús Ólafsson)

mynd seldist á sex milljónir króna.

Gamlar myndir, vel teknar og með mikið heimildargildi, eru t.d. mun verðmætari en nýrri myndir því það gefur auga leið, að ekki er hægt að taka fleiri myndir þegar um liðna tíð er að ræða. Af þessum sökum eru t.d. gömlu myndirnar á sýningunni, er Óskar hefur unnið upp af miklum dugnaði, furdulega ódýrar, en hann verðleggur allar myndirnar á sama hátt, sem ég á bág með að skilja. Allir geta t.d. tekið myndir af fólki í sundlaugunum í dag, en enginn getur tekið mynd af Erlingi Pálssyni í gömlu sundlaugunum forðum daga!

Þetta ætti að vera auðvelt að skilja...

Sumar myndanna á sýningunni eru með afbrigðum hríf-

margar gerðir af ljósmyndum að ræða og vafalítið vantar ýmislegt inn í myndina til að allt komi til skila.

Það vakti sérstaka athygli mína og varð mér öðru frekar til umhugsunar hvað mikið hefur verið fyrir hendi af góðum og mjög gildum viðfangsefnum fyrir málara í næsta umhverfi þeirra á þessum tímum; þeir þurftu sannarlega ekki að þjóta um byggðir og óbyggðir í leit að gildu myndefni. En það er önnur saga, sem hér skal ekki tiunduð...

Ahugi er mikill fyrir þessari sýningu, svo sem verðskulduð aðsókn sýnir. Ber að þakka Óskari Gíslasyni mikillega fyrir frumkvæðið, en það undirstrikar að hann er í hópi frumkvæðla íslenskrar ljós- og kvikmynda- gerðar.



„Sólalag við höfnina“ (Magnús Ólafsson)